

22. apríl 2016

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar - febrúar 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 12,1 ma.kr. samanborið við 46,3 ma.kr. 2015. Tekjur af stöðuleikaframlagi námu 17 ma.kr. á fyrstu tveim mánuðum ársins. Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána nam 15,2 ma.kr, samanborið við 8,9 ma.kr. 2015. Handbært fé lækkar um 19,9 ma.kr. samanborið við 36,6 ma.kr. á árinu 2015.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-febrúar 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	104.755	101.722	135.141
Greidd gjöld	98.941	113.781	130.544
Tekjujöfnuður	5.814	-12.060	4.597
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-535	-34.204	-16.676
Handbært fé frá rekstri	5.279	-46.264	-12.079
Fjárfestingahreyfingar	-4.508	-5.491	-5.030
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	771	-51.755	-17.109
Afborganir lána	-2.446	-4.590	-6.355
Innanlands	-2.446	-4.590	-1.062
Erlendis	0	0	-5.293
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-1.675	-56.345	-23.464
Lántökur	9.919	19.768	3.534
Innanlands	9.919	19.768	3.534
Erlendis	0		
Breyting á handbæru fé	8.244	-36.577	-19.930

Innheimtar tekjur fyrstu tvo mánuði ársins voru rúmlega 135 ma.kr. Samkvæmt fjárlögum voru áætlaðar tekjur fyrir tímabilið alls 129,7 ma.kr. og útkoman því 5,3 ma.kr. umfram áætlun. Innheimtar tekjur ríkissjóðs jukust um 32,9% milli ára sem skýrist að helmingi til af stöðugleikaframlaginu í janúar. Að því undanskildu voru tekjur ríkissjóðs alls 118 ma.kr. sem er 16% aukning milli ára.

Skatttekjur og tryggingagjöld voru alls 111,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust um rúmlega 15% milli ára. Mest aukning var í sköttum á laun og aðrar tekjur einstaklinga, og því endurspeglast almennar launahækkningar á síðasta ári skýrt í tekjuþróuninni. Tekjuskattur einstaklinga og tryggingagjald námu samanlagt rúmum þriðjungi skattteknanna og voru þessir liðir 6-7% umfram áætlun tímabilsins. Þess ber þó að gæta að frávík frá áætlun eru oft mikil í ársbyrjun, til dæmis vegna árstíðasveiflu launastofnsins og hversu stutt tímabilið er og tilfallandi liðir hafa því ekki náð að jafnast út. Tekjuskattar námu 47,5 ma.kr. og voru samanlagt 1,8 ma.kr. umfram áætlun en frávikið er ekki endilega góð vísbending um frávík á komandi mánuðum. Taflan sýnir hvernig tekjuskattar og breyting þeirra milli ára skiptist eftir tegundum.



Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar 2014–2016 (m.kr.)

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Skatttekjur og tryggingagjöld	98.153	96.994	111.816	10,1	-1,2	15,3
Skattar á tekjur og hagnað	42.208	39.983	47.530	16,8	-5,3	18,9
Tekjuskattur einstaklinga	22.448	21.210	27.402	13,9	-5,5	29,2
Tekjuskattur lögaðila	5.576	5.534	5.776	61,5	-0,8	4,4
Skattur á fjármagnstekjur	14.183	13.239	14.351	9,4	-6,7	8,4
Eignarskattar	1.485	1.294	1.232	-12,7	-12,9	-4,8
Skattar á vöru og þjónustu	40.308	41.491	46.465	6,0	2,9	12,0
Virðisaukaskattur	27.261	28.718	33.615	8,6	5,3	17,1
Vörugjöld af ökutækjum	627	766	1.222	7,2	22,2	59,5
Vörugjöld af bensíni	1.748	1.846	1.618	-0,1	5,6	-12,3
Skattar á olíu	1.067	1.088	1.199	5,7	2,0	10,2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	2.609	2.781	2.712	2,6	6,6	-2,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	6.997	6.292	6.098	-0,4	-10,1	-3,1
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	1.002	808	875	-5,8	-19,4	8,3
Aðrir skattar	1.391	1.496	1.779	6,7	7,5	18,9
Tryggingagjöld	11.759	11.921	13.935	7,6	1,4	16,9
Fjárframlög	28	58	34	3,4	106,8	-41,0
Aðrar tekjur	6.510	4.671	23.291	-17,6	-28,3	398,6
Sala eigna	64	-	-	-	-	-
Tekjur alls	104.755	101.722	135.141	7,9	-2,9	32,9

Tekjur af eignarsköttum námu 1,2 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun. Þessi flokkur skatta dróst saman um 4,8% milli ára sem má alfarið rekja til auðlegðarskatts sem var afnuminn í fyrra en síðbúin innheimta hans skilaði sér þó einn fram eftir árinu. Hins vegar jukust tekjur af stimpilgjaldi um þriðjung og einnig jókst innheimta erfðafjárskatts og annarra smærri eignarskatta frá fyrra ári.

Skattar á vöru og þjónustu voru alls 46,5 ma.kr. sem er 12% aukning milli ára. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst í þessum flokki skatta, nam 33,6 ma.kr. sem er tæplega 3 ma.kr. umfram áætlun og 17,1% aukning milli ára. Innheimtan í janúar og febrúar er af innflutningi og veltu í nóvember og desember á síðasta ári. Þessa umtalsverðu aukningu má vafalaust rekja til aukins kaupmáttar heimila sem kemur m.a. fram í kaupum á varanlegum neysluvörum svo sem bílum og húsgögnum auk þess sem byggingarstarfsemi á stóran hlut að máli. Þegar litið er til veltu í VSK-skyldri starfsemi í hvoru skattþrepi um sig jókst velta í almenna þrepinu um 11,1% að raunvirði á árinu 2015 í heild en í neðra þrepinu um 5,2%. Á síðari hluta ársins hægði á veltuaukningu í neðra þrepinu en hið gagnstæða gerðist í almenna þrepinu þar sem raunaukningin á síðustu tveimur mánuðum ársins var 14,4%. Það er langmesti vöxtur veltu í almenna VSK-þrepinu um árabíl og hann stendur að baki hinni miklu innheimtu í febrúar. Þrátt fyrir um 30% fjölgun ferðamanna undir lok ársins jókst velta í neðra þrepinu lítið umfram verðbólgu, en velta í gistiþjónustu og veitingarekstri jókst þó mun meira en í öðrum greinum sem selja vöru og þjónustu í neðra þrepinu.



Aðrir veigamiklir liðir meðal óbeinu skattanna eru vörugjöld af ökutækjum, bensíni og olíu. Af þessum liðum jókst vörugjald af ökutækjum mest á milli ára, eða um 60%, og nam 1,2 ma.kr. Þessi mikla aukning skýrist af mikilli fjölgun nýskráðra bifreiða. Skattur á olíu jókst einnig milli ára og var 1,2 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins en vörugjald á bensíni dróst hinsvegar saman og nam 1,6 ma.kr. auk þess sem kolefnisgjald skilaði 0,5 ma.kr. sem er líka minna en í fyrra. Samdráttur í vörugjaldi á hvern bíl og skattstofnum bensín- og kolefnisgjalda skýrist af því að mikil endurnýjun bílaflotans hefur átt sér stað og nýir bílar verða sífellt sparneytnari og kolefnisvænni.

Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi voru samtals 2,7 ma.kr. Innheimt áfengisgjald nam 1,8 ma.kr. sem er 2,6% minna en á sama tíma í fyrra. Ástæður þess að innheimtan er að minnka þrátt fyrir að áfengisgjald hafi verið hækkað umtalsvert síðustu áramót eru nokkrar. Fyrst er að nefna breytingar á greiðslufyrirkomulagi áfengisgjalds sem tóku gildi um síðustu áramót þar sem uppgjörstímabil var lengt úr hálfum mánuði í einn mánuð. Innheimtutímabilið til loka febrúar sem hér er til umfjöllunar spannar því hálfum mánuði skemmra veltutímabil en í fyrra. Áfengissala dróst saman um 1,7% að magni til í janúar sem virðist helst skýrast af óvenjumikilli sölu í janúar í fyrra. Loks er ljóst að mat á tekjuáhrifum kerfisbreytingarinnar á skattlagningu áfengis sem tók gildi um áramótin fól í sér nokkra óvissu vegna þess hversu ólík áhrifin voru eftir tegundum áfengis og kann að hafa verið meiri skekkja í áætluðum tekjum af áfengisgjaldinu vegna þess. Tekjur af tóbaksgjaldi námu tæplega 1 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er 2,2% samdráttur milli ára. Með hliðsjón af tölum um tóbakssölu kemur samdrátturinn ekki á óvart, en sala á sígarettum í janúar sl. var 12% minni en í fyrra.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld voru tæplega 0,9 ma.kr. sem er 8,3% aukning milli ára. Afnáam tolla af fatnaði og skóm íársbyrjun er ekki farið að hafa áhrif í innheimtutölum febrúar en ástæðan fyrir því er að flest innflutningsfyrirtæki nýta sér tveggja mánaða gjaldfrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum.

Tekjur af tryggingagjöldum jukust um 16,9% milli ára og námu samtals 13,9 ma.kr. sem er 1 ma.kr. umfram áætlun. Hér gætir áhrifa af kjarasamningum síðasta árs og fleiri þáttum á sama hátt og í tekjuskatti einstaklinga.

Aðrar tekjur voru alls 23,3 ma.kr. sem er mikil aukning frá fyrra ári. Hana má rekja til tekna af stöðugleikaframlagi frá slitabúum fallinna fjármálafyrirtækja í janúar. Þar er um að ræða þann hluta framlagsins sem kemur í stað þess bankaskatts sem áður var áætlað að yrði lagður á slitabúin á þessu ári. Hann nemur 17 ma.kr. sem er í samræmi við það sem áætlað var að yrði tekjufært á þessu tímabili. Fyrir utan þennan tiltekna hluta verður stöðugleikaframlag aðskilið frá öðrum tekjum ríkissjóðs í mánaðaruppgjörum Fjársýslu á þessu ári. Veidigjald skilaði 2 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er 32% aukning frá fyrra ári. Aukninguna má rekja til breytinga á álagningu og innheimtu veiðigjalds en nú er gjaldið innheimt á eins mánaðar fresti í stað þriggja í því fyrirkomulagi sem gildi í byrjun síðasta árs.

Greidd gjöld námu 130,5 ma.kr. og jukust um 16,8 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 14,7%. Þar af var hækkun vegna niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána 6,3 ma.kr. og aukning fjármagnskostnaðar 2,1 ma.kr. Önnur útgjöld jukust því um 8,3 ma.kr milli ára eða 9,7%. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.



Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar-febrúar 2016–2014

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	16.191	19.528	21.634	16,1%	20,6%	10,8%
Almenn opinber þjónusta	8.697	8.365	8.970	8,0%	-3,8%	7,2%
Almannatryggingar og velferðarmál	21.514	22.276	23.805	2,8%	3,5%	6,9%
Heilbrigðismál	21.638	23.640	26.100	8,9%	9,3%	10,4%
Efnahags- og atvinnumál	8.743	17.634	25.131	13,4%	101,7%	42,5%
Menntamál	12.623	12.489	13.697	0,1%	-1,1%	9,7%
Menningar- og félagsmál	3.200	3.411	3.603	-2,2%	6,6%	5,6%
Lög- og réttargæsla	3.509	3.417	3.746	-2,8%	-2,6%	9,6%
Önnur útgjöld	2.827	3.021	3.857	-2,6%	6,8%	27,7%
Gjöld alls	98.942	113.781	130.544	6,5%	15,0%	14,7%

Útlagður fjármagnskostnaður hækkar um 2,1 ma.kr. milli ára sem er samkvæmt áætlun.

Niðurfærslur verðtryggðra húsnæðislána námu 15,2 ma.kr. á tímabilinu og hækkar um 6,3 ma.kr. frá fyrra ári og er það megin skýring á þeirri 7,5 ma.kr. útgjaldaaukningu sem er vegna efnahags- og atvinnumála. Aðra útgjaldaaukningu má skýra vegna mjólkur- og sauðfjárframleiðslu sem nema 2,5 ma.kr. og hækka samanlagt um 0,7 ma.kr. milli ára. Heildarútgjöld efnahags- og atvinnumála eru innan áætlunar.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 26,1 ma.kr. og jukust um 2,5 ma.kr. milli ára eða um 10,4 % sem er minna en gert var ráð fyrir. Megin skýring á aukningu milli ára er vegna sjúkráhusþjónustu sem jókst um 1,5 ma.kr., sem er lítilsháttar yfir áætluðum útgjöldum, þar er veigamesti liðurinn bygging hátækisjúkrahúss á lóð Landspítalans sem nemur um 0,6 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld vegna menningar og félagsmála námu 3,6 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 5,6% milli ára sem er í samræmi við áætlanir

Útgjöld menntamála hækka um tæpan 1,2 m.kr. frá fyrra ári eða 9,7%, að mestu vegna Háskóla Íslands en útgjöld hans aukast um 0,7 ma.kr.

Almannatryggingar og velferðarmál námu 23,8 ma.kr. og aukast um 1,5 ma.kr. eða 6,9 %. Framlög til aldraðra aukast um 1 ma.kr. Þar af eru lífeyristryggingar að aukast um 0,7 ma.kr. eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Öorkubætur aukast um 0,8 m.kr. milli ára.

Önnur útgjöld hækka um 0,8 ma.kr. á tímabilinu sem skýrist af 0,6 ma.kr. hækkuðum útgjalda vegna lífeyris-skuldbindinga bæði vegna launaþróunar á síðasta ári og fjölgunar lífeyrisþega.

Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokka má sjá í eftirfarandi töflu:



Útgjöld einstakra málaflokka – frávik milli ára janúar-febrúar 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi hv. árs		Br. frá fyrra ári, %
	2015	2016	
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	667	687	3,1%
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	1.758	1.908	8,6%
Utanríkismál	1.623	1.483	-8,7%
Önnur almenn opinber þjónusta	1.438	1.691	17,6%
Fjármagnskostnaður	19.528	21.634	10,8%
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	2.879	3.201	11,2%
Almenn opinber þjónusta	27.893	30.604	9,7%
Lög- og réttargæsla	3.417	3.746	9,6%
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	1.104	1.142	3,4%
Landbúnaðarmál	2.188	3.062	39,9%
Samgöngumál	3.483	3.404	-2,3%
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	793	1.162	46,6%
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	8.881	15.215	71,3%
Önnur efnahags- og atvinnumál	1.186	1.147	-3,3%
Efnahags- og atvinnumál	17.634	25.131	42,5%
Lyf og lækningavörur	2.981	2.877	-3,5%
Heilsugæsla	4.820	5.409	12,2%
Sjúkrahúsþjónusta	10.437	11.953	14,5%
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	4.685	5.142	9,8%
Heilbrigðiseftirlit og stjórnarsýsla	716	719	0,4%
Heilbrigðismál	23.640	26.100	10,4%
Menningarmál	1.488	1.515	1,8%
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	1.923	2.087	8,5%
Menningar- og félagsmál	3.411	3.603	5,6%
Framhaldsskólastig	3.502	3.999	14,2%
Háskólastig	8.407	8.995	7,0%
Önnur menntamál	579	703	21,5%
Menntamál	12.489	13.697	9,7%
Örorka og fötlun	5.709	6.498	13,8%
Öldrun	8.144	9.169	12,6%
Fjölskyldur og börn	4.779	4.491	-6,0%
Atvinnuleysi	2.279	2.088	-8,4%



Vaxtabætur	124	72	-41,5%
Önnur trygginga- og velferðarmál	1.241	1.487	19,9%
Almannatryggingar og velferðarmál	22.276	23.805	6,9%
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	1.949	2.504	28,5%
Fjármagnstekjuskattur	164	126	-23,3%
Annað	907	1.226	35,2%
Önnur útgjöld	3.021	3.857	27,7%
Gjöld alls	113.781	130.544	14,7%

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var neikvæður um 17 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 52 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 6,3 ma.kr. til samanburðar við 4,6 ma.kr. árið áður. Stærstur hluti afborgana skýrist af uppgreiðslu á erlendu láni í breskum pundum að fjárhæð 5,3 ma.kr. Lántökur tímabilsins námu alls 3,5 ma.kr. en á sama tímabili árið 2015 námu þær 19,8 ma.kr. Engin erlend lántaka var á tímabilinu.